



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 51/2014

Notkun lénsins gti.is

I.

Erindið

1.

Með bréfi GTI Gateway to Iceland ehf., dags. 9. apríl 2013, er kvartað yfir notkun Gestis Andrésar Grjetarssonar á léninu gti.is. Gerir GTI Gateway to Iceland kröfu um að Neytendastofa banni Gestni notkun á léninu, sbr. 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og leggi fyrir hann að afskrá lénið.

Forsaga málsins sé sú að forsvarsmenn GTI Gateway to Iceland hafi áður rekið sambærilegt ferðaþjónustufyrirtæki og fyrirtækið sé í dag. Það félag hafi borið nafnið GÓ ferðir ehf. og hafi verið stofnað þann 5. maí 2008 og verið í rekstri fram til ársins 2010. Á þeim tíma sem GÓ ferðir hafi verið í rekstri hafi lénið gti.is verið stofnað hjá ISNIC og verið skráð á GÓ ferðir. Rekstur GÓ ferða hafi ekki gengið sem skyldi og hafi félagið verið tekið til gjaldþrotaskipta þann 1. desember 2011. Skiptum á þrotabúi GÓ ferða sé lokið. Þrotabúið hafi ekki gert tilkall til lénsins gti.is.

Í lok árs 2010 hafi verið ljóst að rekstri GÓ ferða yrði ekki haldið áfram vegna fjárhagsörðugleika. Núverandi forsvarsmenn hafi þá stofnað nýtt félag sem beri heitið GTI Gateway to Iceland ehf. og hafið rekstur sambærilegrar ferðaþjónustu eins og áður hafi verið rekin í félaginu GÓ ferðir.

Forsvarsmenn GTI Gateway to Iceland hafi við stofnun félagsins gert munnlegan samning við Gest um að hann tæki að sér umsjón tölvukerfa og vefsíðu félagsins sem hýst hafi verið á léninu gti.is. Af því tilefni hafi verið keyptur tölvubúnaður af GÓ ferðum, sem áður hafði hýst netþjón félagsins og vefsíðu. Félagið hafi af því tilefni greitt Gestni kr. 232.175, sem Gestur hafi að því búnu greitt til GÓ ferða sem endurgjald fyrir kaupum á umræddum tölvubúnaði. Hafi með þessum viðskiptum verið keyptur tölvubúnaður af GÓ ferðum sem hafi svo í framhaldinu verið nýttur í rekstri félagsins en í umsjón Gestis. Raunverulegur eigandi tölvubúnaðarins sé GTI Gateway to Iceland samkvæmt munnlegu samkomulagi sem gert hafi verið við Gest þegar gengið var frá þessum viðskiptum.



Frá þeim tíma er GTI Gateway to Iceland hafi byrjað starfsemi hafi félagið greitt Gestu og félögum honum tengdum fyrir rekstur tölvukerfa félagsins og umsjón með vefsíðu á léninu gti.is. Um sé að ræða félögin DCC ehf. (nú gjaldþrota) og Kvíaholt ehf.

Þjónusta sú sem félagið hafi fengið hjá Gestu og félögum honum tengdum hafi frá upphafi verið verulega ábótavant. Auk þess hafi þær greiðslur sem Gestur hafi krafist fyrir þjónustuna verið umfram það sem eðlilegt megi teljast að greitt sé fyrir slíka þjónustu. GTI Gateway to Iceland hafi ítrekað reynt að leita samninga við Gest um lok á viðskiptasambandi því sem hér sé lýst við Gest og félög honum tengdum. Gestur hafi hins vegar ekki fengist til samninga um lok viðskiptanna og borið fyrir sig annars vegar að GTI Gateway to Iceland skuldaði honum ótilgreinda fjárhæð og hins vegar að lénið gti.is væri hans persónulega eign.

Gestur hafi í raun alfarið neitað að ganga til samninga um lok viðskiptasambands þess sem gengið hafi verið til við stofnun GTI Gateway to Iceland. Félagið hafi ítrekað kallað eftir upplýsingum um hvaða meinta skuld sé ógreidd og hver fjárhæð hennar sé en hafi ekki fengið upp gefið hver hin meinta skuld sé og því í raun ekki haft tækifæri til að greiða umrædda skuld ef hún sé þá í raun nokkur. Ekki hafi því verið hægt að ganga til samninga um lok viðskiptasambands GTI Gateway to Iceland við Gest og tengd félög. Eftir að Gestur hafi tekið við rekstri tölvukerfa og umsjón með vefsíðu félagsins hafi hann gert heimildarlausar breytingar á skráningu lénsins gti.is.

Þann 13. október 2010 hafi Guðmundur Sigurðsson (nú forsvarsmáður GTI Gateway to Iceland) undirritað beiðni til ISNIC, fyrir hönd GÓ ferða, um breytingu á tengilið rétthafa lénsins gti.is. Nýr tengiliður hafi þá verið skráður SH47-IS sem sé Gestur. Þann 29. október 2010 í krafti stöðu sinnar sem tengiliður rétthafa hafi notandinn SH47-IS (Gestur) skipt um rétthafa að léninu gti.is úr GÓ ferðir í DCC ehf. Það félag hafi verið tengt Gestu en hann hafi verið stofnandi, stjórnarformaður og prókúruhafi þess. DCC sé nú gjaldþrota. Þann 30. ágúst 2011 hafi Gestur enn á ný skipt um rétthafa að léninu gti.is og gert GG259-IS (einnig Gestur) að rétthafa þess. Einnig hafi þann 21. september 2011 verið gerð sú breyting að notandinn SH47-IS breytti um tengilið lénsins þannig að hann geri GG259-IS að nýjum tengilið þess. Eftir framangreindar breytingar sé staða lénsins sú að GG259-IS sé bæði skráður tengiliður og rétthafi lénsins.

Forsvarsmenn GTI Gateway to Iceland hafi kvartað yfir framangreindri rétthafabreytingu Gestu á léninu gti.is til ISNIC. ISNIC hafi hafnað umsókn Gestu um að gerast svokallaður þjónustuaðili með vísan til þess að fjölmargar kvartanir hafi borist vegna starfshátta Gestu. Einnig hafi ISNIC talið að umræddar rétthafabreytingar Gestu á léninu gti.is hafi verið gerðar í heimildarleysi og að það sé því afstaða ISNIC að um stuld á umræddu léni sé að ræða.

Ljóst megi því vera að Gestur hafi með ólögum hætti komið höndum yfir lénið gti.is og eignað sér það í fullkomnu heimildarleysi. Gestur hafi ekki getað sýnt fram á heimild sína



fyrir þeim rétthafabreytingum sem hann hafi framkvæmt, sem fólust í því að hann hafi skráð lénið fyrst á félag honum tengdum og að því loknu á sig persónulega. Tengilið rétthafa hjá ISNIC sé ekki heimilt að skrá sjálfan sig sem rétthafa léns nema að hafa til þess skýra heimild frá fyrri rétthafa. Gestur hafi ekki getað sýnt fram á að honum hafi verið heimil umrædd rétthafabreyting eins og honum hafi borið að gera í ljósi stöðu sinnar sem umsjónaraðila lénsins, þ.e.a.s. svonefnds tengiliðs hjá ISNIC, sem stöðu sinnar vegna hafi réttindi í kerfi ISNIC til að breyta skráningu rétthafa léns.

Forsvarsmenn GTI Gateway to Iceland hafi ítrekað reynt að leita leiða til að leysa úr ágreiningi vegna lénsins og m.a. óskað eftir aðstoð lögmanna til þess. Varðandi það sé t.d. vísað til tölvupóstsamskipta sem fylgi með erindinu. Hafi þar verið boðað til fundar til að leysa málið og fá niðurstöðu í hver hin meinta skuld hafi verið. Gestur hafi ekki mætt til fundarins og hafi ekki gefið upp hver hin meinta skuld GTI Gateway to Iceland hafi verið og því hafi verið ómögulegt að fá botn í málið. Rekja megi fjölmörg önnur slík samskipti lögmanna GTI Gateway to Iceland við Gest til að reyna að fá botn í málið.

Ekki verði annað séð en að Gestur sé með fullyrðingum um meinta skuld einungis að gera forsvarsmönnum GTI Gateway to Iceland ómögulegt að ljúka viðskiptum sínum við hann og félög hans. Á grundvelli hinnar meintu skuldar hafi Gestur neitað að láta lénið af hendi, lokað á aðgang að vef félagsins og tölvupósti en jafnframt því haft í hótunum um að senda pantanir og viðskipti sem berist félaginu á vef þess, sem hýstur sé á léninu eða í tölvupósti, annað. Af þessum sökum hafi GTI Gateway to Iceland verið tilneytt til að halda áfram að greiða fyrir þjónustu Gest og tengdra félaga til að koma í veg fyrir verulegt tjón sem felist í rekstrarstöðvun GTI Gateway to Iceland. Í skjóli þessarar stöðu hafi Gestur haldið áfram að rukka félagið um óhóflegar fjárhæðir og gert því ómögulegt að slíta viðskiptasambandi sínu við hann. Gestur hafi ítrekað hótad að loka á aðgang félagsins að vef þess og tölvupósti starfsmanna sem hann hafi einnig ítrekað látið verða af. Nefna megi sem dæmi lokun sem hafi verið á tímabilinu 25.-30. september 2012. GTI hafi einnig aðeins borist lítill hluti þess tölvupósts sem viðskiptamenn hafi sent á netföng félagsins. Hafi það leitt til þess að félagið hafi glatað umtalsverðum viðskiptum og einnig hafi tilvonandi viðskiptamenn sett inn neikvæð skrif um félagið á netið, t.d. á vefinn tripadvisor.com þar sem kvartað hafi verið undan því að GTI Gateway to Iceland svari ekki tölvupóstum.

Hótanir Gest um að loka vefnum ef reikningar yrðu ekki greiddir og að bera fyrir sig ótilgreindar skuldir sem röksemd fyrir því að afhenda GTI Gateway to Iceland ekki vefinn eru mjög í líkingu við það sem tekist hefur verið á um í dómum Hæstaréttar í málum nr. 79/2008 og 80/2008. Þau mál hafi varðað nefndan Gest en þar hafi Gestur einnig hótad lokunum og borið fyrir sig tæknilega örðugleika sem ástæðu þess að ekki hafi verið mögulegt að flytja vef umrædds félags til nýs hýsingaraðila. Í þessu máli beri Gestur því hins vegar við að ógreidd skuld sé ástæða þess að vefurinn fái ekki fluttur en Gestur hafi ekki gert fullnægjandi grein fyrir því hver þessi meinta skuld sé né hvernig hún sé tilkomin. Ljóst megi þó vera að Gestur sé að beita fyrir sig sömu aðferðafræði við að neyða GTI Gateway to Iceland til að halda



áfram viðskiptum við hann og félög honum tengdum eins og átt hafi við í framangreindum dómum Hæstaréttar.

Í október 2012 hafi forsvarsmenn GTI Gateway to Iceland gert samning við vefhýsingaraðilann Allra átta ehf. um að það félag tæki við hýsingu vefsins gti.is. Í kjölfar þess hafi starfsmaður Allra átta sent tölvubréf til Gestis og óskað eftir því að fá vefinn afhentan. Gestur hafi þá hafnað að afhenda lénið til nýs hýsingaraðila á grundvelli þess að GTI Gateway to Iceland hafi staðið í skuld við hann og hafi auk þess aðeins átt kost á því að kaupa lénið. Gestur sé með þessu að staðfesta að hann hafi slegið eign sinni á lénið og hafi í hyggju að selja það til GTI Gateway to Iceland. Til að leysa málið og takmarka tjón félagsins af fyrirséðri rekstrarstöðvun hafi forsvarsmenn GTI Gateway to Iceland boðist til að greiða Gestu kr. 600.000 fyrir lénið. Þeim umleitunum hafi ekki verið svarað né hafi Gestur gert frekari grein fyrir því hvaða skuld hann telji sig ekki hafa fengið greidda. Af þessu megi frekar ráða að um hreina fjárkúgun sé að ræða af hálfu Gestis í garð GTI Gateway to Iceland og að enginn raunverulegur vilji sé til staðar af hans hálfu að ganga til samninga við félagið um lok umrædds viðskiptasambands.

Auk þess að beita þeim þvingunaraðgerðum sem hafi verið lýst þá hafi Gestur hótad að afhenda ekki pantanir um ferðir sem berist í gegnum vef félagsins á léninu gti.is. Gestur hafi hótad að beina þessum viðskiptum til annars félags. Forsvarsmenn GTI Gateway to Iceland hafi undanfarna mánuði ítrekað orðið varir við að viðskiptamenn sem hafi verið í sambandi við félagið hafi ekki skilað sér í ferðir eða ekki fundist á þeim hótelum þar sem þeir höfðu óskað eftir að vera sóttir. Einnig hafi viðskiptamenn haft samband við félagið og kvartað yfir því að það sé ekki samræmi á þeim verðum sem þeim hafði verið gefið upp og því sem þeir hafi svo verið krafðir um greiðslu á. Eftirgrennslan hafi leitt í ljós að bókunum frá þessum viðskiptavinum hafi verið beint til annars félags sem heitir IG ferðir ehf. Það félag reki vefinn igtours.is en þar sé félagið kynnt sem IGTours – „Iceland Guided Tours“ ehf. Einnig hafi komið fyrir að bílstjórar frá GTI Gateway to Iceland hafi lent í útistöðum við tiltekinn bílstjóra IG ferða, sem einnig hafi verið mættur til að sækja þá farþega sem pantað hafi ferðir á vefnum gti.is.

Af framangreindu megi ljóst vera að Gestur hafi látið verða af hótunum sínum og beint bókunum sem gerðar hafi verið á vefnum gti.is til félagsins IG ferða. Viðskiptamenn GTI Gateway to Iceland hafi ekki getað áttað sig á þessum tilflutningi vegna þess hversu lík nöfn félaganna séu enda séu viðskiptamennirnir grandlausir um að GTI Gateway to Iceland sé ekki að veita þeim þá þjónustu sem þeir hafi óskað eftir á vefnum gti.is. Hér sé um augljósan stuld á viðskiptum að ræða sem hafi verið kærður til til lögreglu. Mikilvægt sé að stöðva þessa misnotkun á léninu gti.is nú þegar með því að banna Gestu notkun þess. Augljós ruglingshætta sé á ferðum þegar viðskiptamenn bóki ferðir á vefnum gti.is en fái óumbeðnir þjónustu frá allt öðrum og ótengdum aðila. Vefurinn á léninu gti.is sé klárlega merktur GTI Gateway to Iceland og beri ekki með sér að um annað félag sé að ræða sem veita eigi eða veita kunni umrædda þjónustu.



Með því framferði sem að framan sé lýst hafi Gestur gerst brotlegur við 5. gr. og 15. gr. a laga nr. 57/2005. Gestur hafi með ólögætum hætti lagt hendur á og slegið eign sinni á lénið gti.is án þess að hafa til þess nokkra heimild. Gestur hafi gert forsvarsmönnum GTI Gateway to Iceland ómögulegt að ná stjórn á léni félagsins gti.is og borið fyrir sig ýmsar tylliástæður í þeim efnum. Þá megi helst nefna að Gestur haldi því fram að ótilgreind skuld hafi ekki verið greidd sem standi í vegi fyrir því að lénið sé afhent en einnig hafi hann nú haldið því fram að hann sé réttmætur eigandi lénsins. Gestur hafi ekki getað sýnt fram á með hvaða hætti réttindi hans yfir léninu séu tilkomin. Ljóst megi því vera að skráning Gestis sem réttthafa yfir léninu gti.is sé tilkomin með ólögætum hætti.

GTI Gateway to Iceland hafi frá upphafi auðkennt starfsemi sína með skammstöfuninni GTI. Vefsíða sú sem hýst sé á léninu gti.is sé einnig rækilega merkt GTI Gateway to Iceland og gefi á engan hátt til kynna að hún sé nýtt af öðrum aðila. Með skráningu og notkun á skammstöfuninni GTI hafi GTI Gateway to Iceland öðlast rétt yfir því auðkenni enda hafi enginn annar aðili notað auðkennið í starfsemi sinni eða gert tilkall til þess. Engin sjálfstæður auðkennaréttur fylgi léninu og því hafi notkun Gestis á léninu brotið í bága við auðkennarétt GTI Gateway to Iceland.

Augljós ruglingshætta sé til staðar af hálfu viðskiptamanna GTI Gateway to Iceland þegar þeir bóki ferðir á vef félagsins, sem hýstur sé á léninu gti.is, en pantanir þeirra séu heimildarlaust sendar til annars aðila sem veiti sambærilega þjónustu. Viðskiptamenn félagsins séu algerlega grandlausir um þetta háttalag skráðs réttthafa lénsins gti.is og hafi þar með ekkert raunhæft tækifæri til að fá þá þjónustu sem þeir hafi óskað eftir og sé gert að greiða fyrir. Þessi háttsemi skráðs réttthafa lénsins sé klárt brot á 15. gr. a laga nr. 57/2005, enda um óheimila notkun á auðkenni félagsins að ræða og villandi upplýsingar um þann aðila sem veita eigi umrædda þjónustu.

Á því sé byggt að um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða og að Gestis sé óheimilt að nota í atvinnustarfsemi sinni auðkenni gti.is og þar með lénið gti.is, þar sem auðkennið sé í eigu GTI Gateway to Iceland. Með skráningu á nafninu GTI Gateway to Iceland í fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra og notkun á því allt frá árinu 2010 hafi GTI Gateway to Iceland öðlast einkarétt til auðkennisins. Af hálfu félagsins sé á því byggt að auðkennið Gateway to Iceland njóti verndar 15. gr. a laga nr. 57/2005 og að Gestur hafi brotið á auðkennarétti félagsins með háttsemi sinni.

Ólögæt yfirtaka Gestis á léninu gti.is hafi verið gerð í vondri trú. Gestis hafi mátt fullljóst vera að félagið ætti rétt til auðkennis og að skráning hans eða yfirtaka, sem megi í þessu tilfelli alsendis jafna við skráningu í vondri trú, sé klárt brot á UDRP-reglum um skráningu léna. Vísist varðandi þetta atriði til ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 38/2003, frá 19. september 2003.



Einnig verði að líta til þess að yfirtaka Gestis á léninu gti.is hafi verið gerð í þeim tilgangi að hindra eiganda vörumerkis í að skrá lénid eða nýta það með eðlilegum hætti. Vísist varðandi þetta atriði til ákvörðunar Neytendastofu nr. 2/2007 þar sem niðurstaðan hafi verið að skráning léns hafi verið framkvæmd til að hindra réttmætan eiganda vörumerkisins í að skrá viðkomandi lén. Slíkt háttarni sé einnig brot á UDRP-reglum um skráningu léna.

Ekki verði séð að Gestur hafi lögmæta hagsmuni af notkun lénsins gti.is. Með yfirtöku á léninu og notkun þess hafi Gestur því vísitandi verið að nota sér það álit og stöðu sem GTI Gateway to Iceland hafi skapað sér á markaði í þeim tilgangi að vekja beint eða óbeint með neytendum hugmyndir um tengsl við fyrirtækið. Slíkt sé einnig brot á UDRP-reglum um skráningu léna. Vísist varðandi þetta atriði til ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 7/2005 frá 18. febrúar 2005.

2.

Með bréfi, dags. 31. maí 2013, barst Neytendastofu viðauki við erindi GTI Gateway to Iceland. Þar kemur fram að félagið vilji bæta við lagatílvísun erindisins. Sé í því skyni vísað til ákvæða 1. mgr. 8. gr. og a., c. og f. liða 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005. Gestur haldi úti vefsíðu í nafni fyrirtækisins og villi þar með á sér heimildir gagnvart þeim kaupendum þjónustu og ferða sem telja sig vera að eiga í viðskiptum við GTI Gateway to Iceland. Með vísan til 1. mgr. 9. gr. telji kaupendur sig vera að eiga í viðskiptum við félagið. Sé í því skyni einnig vísað til 13. og 14. gr. laganna. Með vísan til 22. gr. laga nr. 57/2005, sé farið fram á að stjórnvaldssekt verði lögð á Gest ef við eigi.

Gestur, sem sé skráður eigandi lénsins gti.is, brjóti margfalt lög nr. 73/2005, um skipan ferðamála þar sem hann hafi ekki tilskilin leyfi til bóknarþjónustu, ferðaskipulagningar eða ferðaskrifstofuleyfi. Sé hann því að villa á sér heimildir gagnvart kaupendum með því að birta myndrænt auðkenni Ferðamálastofu, Samtaka ferðaþjónustunnar, Trip Advisor og ummæli kaupenda þjónustu á vefsíðunni gti.is sem birt séu á vefsíðunni tripadvisor.com. Með þessu framferði hafi Gestur valdið GTI Gateway to Iceland ómældum skaða.

Vefsíðan gti.is sé auglýst með auðkenni sem sé í eigu GTI Gateway to Iceland og þar sé Gestur sekur um að brjóta lög nr. 45/1997, um vörumerki, sbr. 4. gr. Ímynd og viðskiptavild fyrirtækja sé gríðarlega mikilvæg og séu auðkenni fyrirtækja oft ein dýrmætasta eign þeirra. Sé af þeim sökum óskað eftir því að málið fái flýtimeðferð þar sem aðalferðatímabilið sé hafið og háttsemi sú sem kvartað sé yfir hafi ótvíræð áhrif á kaupendur þjónustu GTI Gateway to Iceland og ímynd og viðskiptavild fyrirtækisins þar sem kvartanir hafi borist á Trip Advisor um að félagið svari ekki tölvubréfum og veiti laka þjónustu.



II. Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 22. apríl 2013, var Gesti Andrésí Grjetarssyni sent erindi GTI Gateway to Iceland til umsagnar. Engar skýringar bárust. Með bréfi stofnunarinnar til Gests, dags. 30. maí 2013, var beiðni um skýringar eða athugasemdir ítrekuð.

Neytendastofu barst bréf Gests, dags. 5. júní 2013, þar sem fram kom að hann hefði ekki fengið bréf Neytendastofu, dags. 22. apríl 2013. Var óskað eftir því fá bréfið sent ásamt viðunandi fresti til að svara því.

2.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 7. júní 2013, var Gesti enn á ný sent erindi GTI Gateway to Iceland til umsagnar, ásamt viðauka frá 31. maí 2013. Kom þar fram að skýringar eða athugasemdir þyrftu að berast innan tíu daga frá dagsetningu bréfsins. Engar skýringar bárust. Með bréfi Neytendastofu, dags. 28. júní 2013, var Gesti veittur lokafrestur til að koma að skýringum eða athugasemdum. Var til þess veittur tíu daga frestur. Neytendastofu bárust skýringar Gests, dags. 9. júlí 2013, þar sem segir að í upphafi sé rétt að taka fram að Gestur hafi aldrei séð jafn miklar og alvarlega rangfærslur og ásakanir og fram komi í erindum GTI Gateway to Iceland. Leitast verði við að rekja og leiðrétta helstu rangfærslurnar.

Forsaga málsins sé sú að félagið GÓ ferðir hafi verið rekið af Guðmundi, forsvarsmanni GTI Gateway to Iceland, og Sigurði Óðni, núverandi eiganda IG Tours. Upp hafi komið ágreiningur þeirra á milli varðandi rekstur GÓ ferða. Það hafi farið svo að leiðir hafi skilið og GÓ ferðir hafi jafnframt hætt rekstri í lok árs 2011 þegar félagið hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta. Í ágúst 2010 hafi Guðmundur, sem þá hafi verið framkvæmdastjóri GÓ ferða, stofnað til skuldbindinga við DCC ehf., til þess að vinna tiltekna vinnu fyrir GÓ ferðir. Þessa vinnu hafi starfsmenn DCC unnið fyrir GÓ ferðir og Guðmund fyrir fjárhæð um 1.500.000 kr. sem Guðmundur hafi ítrekað lýst yfir að hann bæri persónulega ábyrgð á og það í vitna viðurvist.

Í desember 2010 hafi Guðmundur byrjað rekstur á GTI Gateway to Iceland og til þess hafi hann þurft tölvu, tölvubúnað, tækniþjónustu og slíkt. Guðmundur hafi gert samning við DCC um að búa til vefsíðu fyrir GTI Gateway to Iceland með þöntonarkerfi og fleiru. Guðmundur eða GTI Gateway to Iceland hafi hins vegar engan pening átt á þessum tíma og hafi því verið samið um að félagið skyldi greiða fyrir þessa þjónustu auk skuldar GÓ ferða við DCC, með mánaðarlegum þjónustugjöldum til DCC. Jafnframt hafi Guðmundur afsalað sér, fyrir hönd GÓ ferða, tölvubúnaði, léninu gti.is og fleiri lénom, til tryggingar greiðslum á veittri þjónustu. Auk þessa hafi Guðmundur greitt Gesti kr. 232.175 vegna þessa. Gestur hafi skrifað Neytendastofu sjálfur bréf vegna gti.is, þann 4. apríl 2011. Í því bréfi hafi það verið útskýrt að lénom þessum hafi verið afsalað vegna skuldar GÓ ferða við DCC í október 2010.



Í ágúst 2011 hafi DCC hætt rekstri, meðal annars vegna skulda GÓ ferða og GTI við félagið. Kvíaholt ehf. hafi tekið yfir rekstur DCC sem og tiltekna kröfur félagsins, þ.m.t. kröfur á hendur GÓ ferðum og GTI.

GTI Gateway to Iceland hafi aldrei keypt þennan búnað af Gesti. Eini búnaðurinn sem félagið hafi keypt af Gesti sé skrifstofubúnaður. Hvorki vefsíðan, vefþjónn eða hýsing hafi verið seld eða afhent til GTI né standi það til nema gegn greiðslu. Gestur eigi búnaðinn samkvæmt samningi og vilji hann fá búnað sinn til baka. Enginn munnlegur samningur sé til um þetta eða aðrir fyrirvarar. Samningurinn sé skriflegur og hafi hann ekki að geyma neitt afsal til GTI Gateway to Iceland.

Þá kvarti GTI Gateway to Iceland yfir því að þjónusta Gestis hafi verið ábótavant. Vera megi að félaginu þyki svo vera. Hins vegar séu ekki til nein erindi, hvorki bréf, tölvupóstar né fundargerðir þar sem forsvarsmenn GTI Gateway to Iceland hafi komið fram með slíkar kvartanir.

Ástæða þess að félagið sé í skuld við Kvíaholt og þar með ástæða þess að Kvíaholt hafi lokað á þjónustu til þess sökum vanefnda sé einfaldlega sú að GTI Gateway to Iceland greiði ekki fyrir þá þjónustu sem sannanlegar hafi verið veitt og samið hafi verið um skriflega. Aldrei hafi komið fram beiðni um uppsögn á þjónustusamningi eða um lok á viðskiptasambandi að öðru leyti. Þá séu allar dylgjur og ásakanir á hendur Gesti, um að hann sé að skemma fyrir félaginu, algerlega rakalausar og úr lausu lofti gripnar. Það að Allra átta ehf. hafi ekki viljað taka GTI Gateway to Iceland í viðskipti byggja væntanlega á viðskiptahagsmunum Allra átta, þ.e.a.s. að félagið vilji væntanlega ekki taka aðila í viðskipti sem hafi slæma viðskiptasögu og greiði ekki reikninga sína. Það sama eigi við um öll símafyrirtæki hér á landi sem og flest stærri fyrirtæki. Þau vilji ekki fólk og fyrirtæki í viðskipti sem ekki greiði reikninga sína.

Varðandi innheimtu Kvíaholts á ógreiddum reikningum sé það eitt að segja að Kvíaholt hafi falið Inkasso að innheimta þessar kröfur. Inkasso hafi fengið afrit af öllum reikningum, innborgunum og öðru slíku. Staðan sé einfaldlega sú að GTI Gateway to Iceland skuldi Kvíaholti um 330.000 kr. frá 1. mars 2012. Það sé ekkert óljóst við þessa skuld, það sé bæði ljóst hver fjárhæð hennar sé samkvæmt útgefnum reikningum og að GTI Gateway to Iceland ætli hreinlega ekkert að greiða hana.

Skráning lénsins hjá ISNIC sé ekkert túlkunaratriði heldur hafi Gestur einfaldlega allt um það að segja hvað sé gert og hvað ekki. Það komi GTI Gateway to Iceland hreint ekkert við. Það séu engir fyrirvarar né takmarkanir á rétti Gestis til þess að fara með lénið eins og honum sýnist, svo fremi sem sú meðferð rúmist innan almennra laga og reglna um meðferð léna.

Tilvitnanir GTI Gateway to Iceland til þess að fjölmargar kvartanir hafi borist ISNIC vegna starfshátta Gestis eigi heldur ekki við nein rök að styðjast enda um trúnaðarupplýsingar að



ræða sem séu engum viðkomandi nema ISNIC og Gestu sjálfum. Reyndar haldi ISNIC því fram að hér sé um svo miklar trúnaðarupplýsingar að ræða að Gestur hafi ekkert fengið að vita hver hafi kvartað og þá um hvað. Það sé því augljóst að ekki sé hægt að horfa til þess enda fái enginn að sjá þetta. Hins vegar verði að teljast ámælisvert af forsvarsmönnum ISNIC að ræða við óviðkomandi aðila.

GTI Gateway to Iceland skuldi Kvíaholti 330.000 kr. síðan í mars 2012 og Guðmundur hjá GTI Gateway to Iceland skuldi jafnframt 1.500.000 kr. auk vaxta og kostnaðar síðan í ágúst 2010. Yfirlit um þetta megi fá hjá Inkasso sem sjái um innheimtu krafna hjá Kvíaholti.

Ekki hafi verið boðað til neins sáttafundar eins og glögggt megi sjá af þeim tölvupóstum sem farið hafi á milli aðila um þetta mál. Það hafi reyndar ekki komið nein boð eða tilraunir frá forsvarsmönnum GTI Gateway to Iceland til Gestu um að leysa málin. Engin boð um greiðslur eða annað. GTI Gateway to Iceland hafi aðeins borið fram ásakanir, rangfærslur, meiðyrði og dylgjur í garð Gestu.

GTI Gateway to Iceland sé að nýta sér eignir Gestu í sína þágu en vilji ekki greiða fyrir þau afnot. Tilvísanir til dóma Hæstaréttar komi þessu máli hreint ekkert við. Það sé auk þessa alvarlegt sem fram komi í bréfi félagsins um meintar hótanir Gestu í tilvísuðum dómum. Slíkt sé alger fjarstæða. Gestur hafi ekki verið með neinar hótanir, hvorki þá né nú. Hins vegar sé það ekki við hæfi að dreifa slíkum rógburði. Það sé augljóst af röksemdum GTI Gateway to Iceland að þær gangi út á að ausa Gest aur og sverta mannorð hans. GTI Gateway to Iceland sé í viðskiptum við Kvíaholt sem hafi tekið yfir þjónustu, kröfur og skuldbindingar DCC, en GÓ ferðir hafi verið í viðskiptum við DCC.

Enn sé haldið áfram með órökstuddar fullyrðingar, að því er virðist í þeim eina tilgangi að sverta mannorð Gestu. Sigurður Óðinn sem hafi starfað með Guðmundi hjá GÓ ferðum sé sagður reka IG Tours. Um þetta viti Gestur einfaldlega ekki neitt. Hann sé ekki í neinum samskiptum við Sigurð og hafi ekki verið í sambandi við hann síðastliðin tvö ár.

Í bréfi GTI Gateway to Iceland sé því haldið fram að IG Tours sé að fá ferðir sem bókaðar séu á gti.is. Um þetta viti Gestur ekki. Það sem hann þó viti sé að GTI Gateway to Iceland noti ekki lénið gti.is. Þær pantanir sem þar lendi séu einfaldlega áfram í því kerfi og þeim sé ekki svarað. Þær liggi ólesnar og óunnar. Varðandi pantanir á léninu gatewaytoiceland.is viti Gestur ekkert um enda hafi hann engan aðgang að þeim pöntunum eða tölvupóstum eins og gefi að skilja. Þær upplýsingar komi honum hreinlega ekkert við.

Varðandi meintan auðkennarétt sé það að segja að fyrirtækið hafi verið stofnað í desember 2010 og heiti nú GTI Gateway to Iceland ehf. Það sé hins vegar til annað fyrirtæki sem heiti GTI ehf. sem hafi verið stofnað árið 2009. Lénið gti.is sé eldra en GTI Gateway to Iceland og hafi verið skráð þann 15. maí 2008. Ef út í það sé farið þá séu það í reynd eigendur lénsins og GTI ehf. sem eigi meira tilkall til auðkennisins GTI heldur en GTI Gateway to Iceland ehf.



sem hafi verið stofnað í desember 2010. Annars eigi forsvarsmenn GTI Gateway to Iceland væntanlega að snúa sér til Einkaleyfastofunnar hyggist þeir gera frekara tilkall til auðkennaréttarins. Hvorki Gestur né Kvíaholt hafi nokkur gögn í eigu GTI Gateway to Iceland í sínum vörslum. GTI Gateway to Iceland sé ekki og hafi aldrei verið réttthafi að léninu gti.is.

Við eftirgrennslan hjá Ríkislögreglustjóra hafi komið í ljós að engin kæra hafi verið lögð fram gegn Gestu. Þetta þýði að það sé í besta falli alger tilbúningur hjá GTI Gateway to Iceland að slík kæra hafi verið lögð fram hjá Ríkislögreglustjóra eða helber lygi.

Allur málatilbúnaður forsvarsmanna GTI Gateway to Iceland gangi út á rangfærslur og skítkast í garð Gestu, eins og áður hafi verið rakið. Tilgangurinn virðist vera sá einn að ná yfirráðum yfir léninu gti.is með öllum tiltækum ráðum og komast þannig hjá því að greiða fyrir þá þjónustu sem félagið og forsvarsmenn þess hafi óskað eftir og þegið. Í málatilbúnaði GTI Gateway to Iceland sé lögð áhersla á að fyrri félag Gestu, DCC, hafi orðið gjaldþrota. Það sé hins vegar ekkert minnst á að fyrri félag Guðmundar hjá GTI Gateway to Iceland sem hafi í reynd verið forveri GTI, hafi orðið gjaldþrota með umtalsverðum skuldum.

Gestur sé nú að skoða réttarstöðu sína gagnvart forsvarsmönnum GTI Gateway to Iceland og ISNIC enda liggi það ljóst fyrir að leitun sé að öðrum eins rógburði og röngum sakargiftum og kastað sé fram. Áskilji Gestur sér allan rétt í því sambandi.

3.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 15. júlí 2013, voru GTI Gateway to Iceland sendar athugasemdir Gestu til umsagnar.

Athugasemdir GTI Gateway to Iceland bárust Neytendastofu með bréfi, dags. 29. júlí 2013. Þar kemur fram að í bréfi Gestu sé rakin forsaga viðskipta og samskipta Guðmundar Sigurðssonar forsvarsmanns GTI Gateway to Iceland og Sigurðar Óðins Arnarsonar forsvarsmanns IG ferða. Ekki verði talið að forsaga viðskipta þeirra hafi nokkuð með kvörtunina að gera. Þó verði að telja að fyrri viðskipti Gestu við sameiginlegt félag þeirra Guðmundar, núverandi forsvarsmanns GTI Gateway to Iceland, og Sigurðar Óðins, núverandi forsvarsmann IG ferða, staðfesti að tengsl séu milli Gestu og Sigurðar Óðins.

Í bréfi Gestu, dags. 9. júlí 2013, sé vísað til þess að Guðmundur, forsvarismaður GTI Gateway to Iceland, hafi stofnað til skuldbindinga fyrir hönd annars félags við félag sem áður hafi verið rekið af Gestu. Því sé alfarið hafnað að stofnað hafi verið til þessara skuldbindinga og að Guðmundur, forsvarismaður GTI Gateway to Iceland, hafi tekist á hendur persónulega ábyrgð á greiðslu þeirra. Þessar skuldbindingar séu auk þess ekki milli aðila máls þess sem fjallað sé um hér. Þó verði að telja að þessi vísan Gestu í þessa umþrættu skuld sé staðfesting á að Gestur sé enn að reyna að fá þessa eldri umþrættu skuld greidda og hafi til þess beitt GTI Gateway to Iceland ólögætum þvingunum sem felist m.a. í því að loka fyrir aðgang að



tölvupósti þeim sem borist hafi á netföng tengd léninu gti.is og loka fyrir aðgang GTI Gateway to Iceland að pöntunarkerfi félagsins sem hýst sé á léninu gti.is. Gestur hafi jafnframt ekki lagt fram nein gögn um þessa umþrættu skuld ekki frekar en áður heldur hafi upphæð hennar verið á reiki og ekki fengist staðfest af lögmönnum GTI Gateway to Iceland svo möguleiki væri á að gera hana upp jafnvel þó að skuldin sé GTI Gateway to Iceland algerlega óviðkomandi. Ummæli í bréfi Gestis renni enn frekari stoðum undir þá skýringu GTI Gateway to Iceland að um ólögmætar þvingunaraðgerðir sé að ræða af hálfu Gestis og félaga honum tengdum til að fá GTI til að greiða skuld sem sé félaginu óviðkomandi.

Í bréfi Gestis sé vísað til samnings sem gerður hafi verið milli annars vegar DCC og GTI um þjónustu og hins vegar samnings DCC og GÓ ferða. Á grundvelli framangreinds samnings milli DCC og GÓ ferða hafi DCC og síðar Gestur slegið eign sinni á léninu gti.is. Umræddri sjálfstöku hafi ítrekað verið mótmælt af forsvarsmanni GTI Gateway to Iceland og GÓ ferða, Guðmundi, þ.e.a.s. að umræddur samningur aðila fæli í sér afsal til Gestis á eignarrétti yfir léninu. Þar sem um munnlegan samning hafi verið að ræða verði að telja að Gestur verði að bera hallan af umdeildu efni hans að þessu leyti og að honum beri að sanna eignarrétt sinn yfir léninu gti.is með óyggjandi hætti. Í því efni sé sérstaklega vísað til reglna ISNIC um að tengiliður rétthafa (umsjónaraðili léns), sem heimild hafi í kerfi ISNIC til að breyta skráðum rétthafa léns, sé aðeins heimilt að framkvæma slíka rétthafabreytingu, þar sem eignarréttur yfir léni sé fluttur til tengiliðs sjálfs, á grundvelli skriflegrar heimildar frá rétthafa. Augljósar ástæður liggi að baki þessari reglu ISNIC. Forsvarsmaður ISNIC hafi staðfest að umræddar rétthafabreytingar Gestis á léninu gti.is sé óheimilar, sbr. fylgigögn sem fylgt hafi erindi GTI Gateway to Iceland. Gestur hafi ekki lagt fram nein gögn sem sýnt geti fram á að honum hafi verið heimilt að gera umræddar rétthafabreytingar á léninu og verði því að telja að honum hafi verið þær óheimilar.

Í bréfi Gestis sé vísað til þess að GTI Gateway to Iceland hafi ekki keypti tiltekinn búnað af Gesti. Kvörtun sú sem GTI Gateway to Iceland hafi lagt fram vegna ólögmætrar notkunar Gestis á léninu gti.is snúi aðeins að ólögmætri notkun Gestis á léninu gti.is en ekki að ágreiningi aðila að öðru leyti.

Í bréfinu sé jafnframt vísað til þeirrar fullyrðingar GTI Gateway to Iceland að þjónusta sú sem Gestur og félög honum tengd hafi veitt hafi verið ábótavant. Ýmsir vankantar hafi verið á þjónustu þeirri sem GTI Gateway to Iceland hafi fengið hjá Gesti og félögum honum tengdum. Nefna megi að GTI Gateway to Iceland hafi verið illmögulegt að uppfæra verð þjónustu sinnar þannig að viðskiptamenn sem hafi komist í beint samband við félagið eftir að hafa skoðað vefinn sem hýstur sé á gti.is hafi orðið að selja þjónustu félagsins á eldri verðum með tilheyrandi tjóni. Vefurinn hafi ítrekað verið tekinn niður og GTI Gateway to Iceland hafi ekki haft aðgang að tölvupóstum þeim sem sendir hafi verið á netföng sem tengist léninu gti.is eða pöntunarkerfi félagsins.



Í bréfi Gestis sé sú skýring gefin á lokunum fyrir aðgang að vef félagsins að skuld vegna þjónustu hafi ekki verið greidd. Eins og ítrekað hafi verið rakið þá hafi Gestur ekki aðeins krafist greiðslu fyrir þá þjónustu sem hann hafi veitt GTI Gateway to Iceland á hverjum tíma heldur einnig krafist greiðslna fyrir skuldir sem séu félaginu algerlega óviðkomandi og beitt ólögætum þvingunaraðgerðum í þeim efnum.

Í bréfinu sé einnig vísað til þess að engar uppsagnir hafi borist eða kröfur um lok viðskipta að öðru leyti. Í því sambandi sé fullyrt að netþjónustufyrirtækið Allra átta hafi ekki viljað taka GTI Gateway to Iceland í viðskipti vegna slæmrar viðskiptasögu og sama eigi við um önnur netþjónustufyrirtæki. Þessar fullyrðingar séu augljóslega rangar. GTI Gateway to Iceland hafi gert samning við netþjónustufyrirtækið Allra átta um hýsingu á vef félagsins og hafi starfsmaður Allra átta gert ítrekaðar tilraunir til að fá lénið og vef félagsins afhentan en því hafi verið hafnað af Gestis, sbr. fyrri umfjöllun.

Í bréfi Gestis sé vísað til þess að ekkert sé óljóst um skuld GTI Gateway to Iceland við Gest og félög hans. Vísað sé því til stuðnings til innheimtu Inkasso á tiltekinni skuld. Forsvarsmenn GTI Gateway to Iceland hafi átt fundi með Inkasso vegna innheimtunnar, m.a. vegna þess að þegar hafi reikningar sem séu til innheimtu verið greiddir og vegna þess að það vanti gögn að öðru leyti til að styðja kröfuna við. Eins og áður hafi ítrekað verið vísað til þá hafi Gestur beitt félagið þvingunaraðgerðum til að fá greiddar ýmsar skuldir sem hann hafi þó ekki viljað gera grein fyrir að fullu. Gestur hafi jafnframt ekki, þó telja verði að nægt tilfelli sé til, lagt fram yfirlit yfir þær skuldir sem hann telji sig eiga rétt á að fá greiddar svo félaginu væri þá gert kleift, hið minnsta, að greiða þær meintu skuldir til að ljúka viðskiptum sínum við Gest. Gestur hafi hunsað tilmæli lögmanns GTI Gateway to Iceland um að leggja fram yfirlit yfir hinar meintu skuldir og ganga til samninga um uppgjör þeirra. Jafnframt hafi Gestur ekki mætt til boðaðra funda, sem hann hafði þó samþykkt að mæta til, svo unnt væri að ganga frá samkomulagi um uppgjör hinna meintu skulda og lok viðskipta félaganna.

Í bréfinu sé vísað til þess að skráning lénsins hjá ISNIC sé ekkert túlkunaratriði, að Gestur hafi einfaldlega allt um það að segja og að það komi GTI Gateway to Iceland hreinlega ekkert við eins og það sé orðað í bréfi hans. Eins og réttilega segi í bréfinu þá takmarkist réttur Gestis á meðferð lénsins af almennum reglum laga og reglum um meðferð léna. Kvörtun GTI Gateway to Iceland til Neytendastofu lúti að meintri ólögætri notkun Gestis á léninu. Afstaða ISNIC liggi einnig fyrir í málinu en fram komi í tölvupóstsamskiptum forsvarsmanns ISNIC og Gestis, að umræddar rétthafabreytingar Gestis á léninu gti.is séu gerðar í heimildarleysi og að það sé afstað ISNIC að um stuld á umræddu léni sé að ræða. Á grundvelli þess og annars sem fram hafi komið verði því að telja að meðferð Gestis á léninu gti.is brjóti því í bága við almennar reglur laga og reglur um meðferð léna.

Í bréfi Gestis sé því haldið fram að tilvísanir í að fjölmargar kvartanir hafi borist ISNIC vegna starfshátta Gestis eigi ekki við rök að styðjast. GTI Gateway to Iceland hafi lagt fram gögn sem staðfesti annað, sbr. fylgigögn með erindi félagsins. Telja verði að Gestur eigi lögvarða



hagsmuni af því að fá upplýsingar frá ISNIC um þær kvartanir sem fram hafi komið á hendur honum og séu grundvöllur þess að ISNIC hafi séð sig knúið til að hafna umsókn Gests og félagaga hans um auknar aðgangsheimildir í kerfum ISNIC. Á grundvelli framangreindra lögvarinna hagsmuna ætti Gestu að vera kleift að afla umræddra gagna frá ISNIC og leggja fram máli sínu til stuðnings, sem hann hafi þó ekki gert. Telja verði, í ljósi þess að GTI Gateway to Iceland hafi lagt fram gögn frá ISNIC um að fjölmargar kvartanir hafi borist vegna starfshátta Gests, að þær fullyrðingar verði lagðar til grundvallar í málinu þar sem þær hafi ekki verið hraktar efnislega með neinum hætti.

Í bréfinu sé fjallað um tilraunir GTI Gateway to Iceland til að leysa úr ágreiningi aðila. Félagið hafi gert fjölmargar tilraunir til að ná samkomulagi við Gest um málalok en þeim hafi ekki verið svarað, Gestur hunsað að mæta á sáttafundi þó að hann hafi áður samþykkt að mæta og ekki komið að neinu leyti með tilboð eða kröfur sem leitt gætu til ásættanlegra málaloka að öðru leyti en að gera kröfur um óskilgreindar greiðslur.

Tilvísun GTI Gateway to Iceland til tveggja hæstaréttardóma sem fallið hafi á hendur Gestu séu settar fram til að útskýra þær ólögmetu þvingunaraðgerðir sem Gestur hafi beitt GTI Gateway to Iceland og sýna fram á að Gestur hafi áður gerst brotlegur við lög með starfsháttum sínum. Því sé haldið fram í bréfi Gests að hann hafi ekki verið með neinar hótanir sem sé ekki rétt.

Varðandi það vísi GTI Gateway to Iceland í Hrd. nr. 79/2008, þar sem eftirfarandi komi fram í niðurstöðukafla:

„Í gögnum málsins liggur fyrir að stefndi hótaði áfrýjanda að loka aðgangi að öllu sem hann hýsti fyrir áfrýjanda yrðu reikningar ekki greiddir. Af hálfu áfrýjanda er fullyrt að slík lokun hefði haft í för með sér mikið tjón fyrir rekstur hans.“

Jafnframt vísi GTI Gateway to Iceland í Hrd. nr. 80/2008, þar sem eftirfarandi komi fram í niðurstöðukafla:

„Í gögnum málsins liggur fyrir að stefndi hótaði áfrýjanda að loka aðgangi að öllu sem hann hýsti fyrir áfrýjanda yrðu reikningar ekki greiddir. Af hálfu áfrýjanda er fullyrt að slík lokun hefði haft í för með sér mikið tjón fyrir rekstur hans.“

Niðurstaða Hæstaréttar í þessum tveimur málum staðfesti að Gestur hafi beitt ólögmetum hótunum og verið uppvís að ólögmetum starfsháttum. Ljóst megi vera að Gestur hafi jafnframt hótað GTI Gateway to Iceland að loka fyrir þjónustu þá sem hann hafi veitt og jafnframt látið verða af hótunum. Fullyrðingar Gests um að málflutningur GTI Gateway to Iceland gangi aðeins út á að ausa hann aur og sverta mannorð hans eigi því ekki við rök að styðjast heldur hafi GTI Gateway to Iceland aðeins dregið fram staðreyndir málsins og Gestur verið dæmdur fyrir eigin verk og gjörðir af Hæstarétti.



Í bréfi Gestis sé því hafnað að tengsl séu milli Gestis og umrædds Sigurðar Óðins, forsvarsmanns IG ferða. GTI Gateway to Iceland hafi rökstuddan grun um að Gestur hafi beint pöntunum sem borist hafi inn á pöntunarkerfi GTI, sem hýst sé á léninu gti.is, til Sigurðar Óðins og IG ferða og vísist um það til umfjöllunar í erindi GTI. Lögð hafi verið fram kæra til lögreglu á hendur Sigurði Óðni. Kæran beinist ekki að Gestu og sé enn til meðferðar hjá lögreglu.

Í bréfinu sé staðfest að pantanir sem berist inn á pöntunarkerfi GTI Gateway to Iceland, sem hýst sé á léninu gti.is, séu ekki að berast félaginu. Ekki verði annað skilið af ummælunum en að það sé fyrst og fremst sök GTI Gateway to Iceland að svo sé en ekki verði annað talið en að slíkar fullyrðingar séu með ólíkindablæ. Forsvarsmenn GTI meti beint og óbeint tjón sitt af því að fá ekki umræddar pantanir til sín upp á tugi milljóna og verði að teljast fráleitt að þeir leiti ekki allra leiða til að geta sinnt þeim viðskiptum sem beint sé til félagsins. Tjón GTI Gateway to Iceland af því að fá ekki umræddar pantanir til sín sé annars vegar fólgið í því að geta ekki sinnt viðskiptunum og hins vegar í neikvæðri umfjöllun sem félagið hafi þurft að þola á samskiptamiðlum og ferðavefum, vegna þessa. Ljóst megi vera að GTI Gateway to Iceland hafi orðið fyrir og sé að verða fyrir verulegu, viðvarandi og tilfinningalegu tjóni vegna þessa.

Í bréfi Gestis komi einnig fram að pantanir þær sem berist inn á pöntunarkerfi GTI Gateway to Iceland sem hýst sé á léninu gti.is liggi þar ólesnar og óunnar. Þessi fullyrðing Gestis bendi beinlínis til þess að hann fylgist með þeim pöntunum sem þangað berist, hafi fullan aðgang að pöntunarkerfinu og geti þar með miðlað viðskiptunum annað. Veruleg verðmæti séu fólgin í þessum pöntunum og þar með megi ætla að freisting geti verið fólgin í að miðla þeim annað og koma þeim þannig í verð, sérstaklega í ljósi þess að Gestur telji GTI Gateway to Iceland og forsvarsmenn þess skulda sér umtalsverðar óskilgreindar fjárhæðir. Framangreind fullyrðing um óunnar og ólesnar pantanir dragi því vart úr líkum á því að fullyrðingar GTI Gateway to Iceland séu réttar í málinu.

Í bréfinu sé fjallað um auðkennarétt GTI Gateway to Iceland en varðandi það vísi félagið til umfjöllunar í erindi þess, þar sem afnot félagsins af auðkenningu og nafn félagsins séu talin hafa stofnað til auðkennaréttar. Auk þess hafi merki félagsins verið skráð hjá Einkaleyfastofunni, sbr. skráningarnúmer 386/2012. Eigandi skráningarinnar sé Valgerður Knútsdóttir, einn forsvarsmanna félagsins. Hún hafi framselt merkið til notkunar því til handa.

4.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 5. september 2013, voru Gestu sendar athugasemdir GTI Gateway to Iceland til umsagnar.

Þar sem engar athugasemdir eða skýringar bárust var gagnaöflun málsins lýst lokið með bréfi Neytendastofu, dags. 20. september 2013. Með bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.



Neytendastofu bárust athugasemdir Gestis með bréfi, dags. 25. september 2013. Með vísan til rannsóknarreglu stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sbr. 10. gr., taldi Neytendatofa ekki tækt að líta framhjá bréfinu þrátt fyrir að gagnaöflun hafi verið lýst lokinni.

Í bréfi Gestis kemur fram að rétt sé að ítreka í upphafi að fyrra svarbréf standi óhaggað að öllu leyti. GTI Gateway to Iceland hafi ekki greitt Gestis fyrir veitta þjónustu eins og ráð hafi verið gert fyrir. Það sem meira sé, þá hafi GTI greinilega ekki í hyggju að greiða fyrir þjónustuna og hafi væntanlega aldrei haft.

GTI Gateway to Iceland vísi til þess að Gestis hafi verið boðið á sáttafund. Sá fundur hafi hins vegar ekki átt að snúast um að GTI hafi greitt fyrir keypta og nýttu þjónustu. Slíkir fundir séu t.a.m. ekki haldnir þegar kröfuhafi er stórt fyrirtæki enda beri skuldurum að greiða fyrir veitta þjónustu.

Þá sé ítrekað að engar kvartanir hafi borist Gestis vegna meintrar lélegrar þjónustu eða skorts á þjónustu. Hugleiðingar GTI Gateway to Iceland um rétt Gestis til að fá gögn um meintar kvartanir í sínar hendur skipti engu máli enda neiti ISNIC að afhenda honum slík gögn eða upplýsingar um kvartendur og umkvörtunarefni. Það sé hins vegar alveg stórunderlegt að félagið hafi slík gögn undir höndum og þá hvernig slíkt geti hafa borið að enda sé ISNIC væntanlega algerlega óheimilt að dreifa slíkum gögnum.

GTI Gateway to Iceland vísi í gamla dóma Hæstaréttar sem séu þessu máli alveg óviðkomandi en þræti fyrir það að félagið sé með því að ausa aur og sverta mannorð Gestis. Þar sem umræddir dómur Hæstaréttar séu þessu máli óviðkomandi sé vandséð hvers vegna vísað sé til þeirra.

Þá sé fjallað um rökstuddan grun GTI Gateway to Iceland um tengsl milli Gestis og Sigurðar Óðins. Það sé engin tengsl á milli þessara tveggja manna eins og skýrt hafi verið sett fram í síðasta bréfi Gestis og skipti þá engu máli hvað forsvarsmann GTI Gateway to Iceland gruni eða hvað hann haldi. Kæra GTI Gateway to Iceland á hendur Sigurði Óðni varði Gest nákvæmlega ekkert um. Slíkt mál komi honum einfaldlega ekkert við og verði ekki skilið af hverju því sé blandað inn í þetta sáraeinfalda mál. Hitt sé annað að í fyrra bréfi GTI Gateway to Iceland hafi ekki annað verið að skilja en að Gestur hefði verið ákærður. Svo hafi hins vegar ekki reysnt vera.

Enn sé haldið áfram og fjallað um áætlað tjón GTI Gateway to Iceland vegna pantana sem ekki berist félaginu. Það sé gengið svo langt að halda því fram að tjónið nemi tugum milljóna króna. Gest varði ekkert um meint tjón félagsins en furði sig þó á því að félag sem greinilega sé í jafngóðum rekstri skuli ekki standa við skuldbindingar og greiða reikninga fyrir veitta þjónustu. Ef félagið myndi ekki greiða símareikninga sína myndi símafélag það sem ekki



fengi reikninga sína greidda einfaldlega loka fyrir úthringingar og kæmi meint tjón GTI Gateway to Iceland þar ekki til álita. Það sama eigi við um ógreidda rafmagnsreikninga o.fl.

Í bréfinu sé því næst velta upp eða hreinlega borið upp á Gest að það hljóti að freista hans að senda þær pantanir sem berist inn á vef GTI Gateway to Iceland eitthvert annað og gera sér þær að féþúfu. Þessar hugleiðingar séu ekki svara verðar en svarið sé þrátt fyrir það nei. Gestur sé ekki að fylgjast með pöntunum og ekki að framsenda þær annað né að gera sér þær að féþúfu með nokkru móti.

Varðandi auðkennarétt skuli því haldið til haga að merki GTI Gateway to Iceland veiti félaginu eitt og sér engan rétt á léninu gti.is enda sé t.a.m. til staðar annað félag sem heiti GTI ehf. Það félag sé mun eldra en GTI Gateway to Iceland. Það sé því beinlínis villandi framsetning að vísa alltaf til GTI í ljósi þess að félagið heiti GTI Gateway to Iceland ehf., en ekki GTI ehf. sem sé allt annað félag. Framsetning sé til þess fallin að ýta undir meintan rétt GTI Gateway to Iceland.

Allur málatilbúnaður GTI Gateway to Iceland gangi eins og rakið hafi verið út á að forsvarsmenn félagsins hafi rökstuddan grun um að Gestur hafi gert eitthvað af sér. Vísað sé til nokkurra ára gamalla dóma sem komi máli þessu ekki við á nokkurn hátt og þá sé vísað til upplýsinga frá ISNIC sem hvorki Gestur né forsvarsmenn GTI Gateway to Iceland eigi að hafa upplýsingar um. Forsvarsmenn GTI Gateway to Iceland fari ekki með lögregluvald og skipti því rökstuddur grunur þeirra engu máli. Þeim sé að sjálfsögðu frjálst að tilkynna viðkomandi lögregluvaldi um þennan grun sinn sem væri mun eðlilegra en að standa í þessum málarekstri.

Gesti þyki afar einkennilegt að þar sem forsvarsmenn GTI Gateway to Iceland telji félagið hafa orðið fyrir tugmilljóna tjóni að félagið hafi ekki einfaldlega greitt fyrir veitta þjónustu, nokkuð sem hefði ekki kostað félagið nema brot af þessu meinta tjóni sem og væntanlega lækkað lögfræðikostnað félagsins verulega.

TripAdvisor aðgangur, auglýst einkunnagjöf fyrir ferðir og ferðalög, hafi verið stofnaður af GÓ ferðum og Sigurði Óðni (meðeiganda). Þar hafi GÓ ferðir fengið frábærar einkunnir og umsagnir sem GTI Gateway to Iceland hafi tekið í heimildarleysi af GÓ ferðum og breytt aðgangi og notað í þágu félagsins.

Í ljósi framangreinds sé þess vænst að Neytendastofa sjái að GTI Gateway to Iceland greiði einfaldlega ekki fyrir veitta vinnu og þjónustu og ætli greinilega ekki að gera það. Sé þess vænst að Neytendastofa vísi erindinu frá eða hafni því fljótt og vel enda sé það algerlega fráleitt að Gestur þurfi að stíja undir öðru eins skítkasti og komi frá forsvarsmönnum GTI.



5.

Framangreint bréf Gestis barst með tölvubréfi, dags. 26. september 2013. Þann 2. október 2013 barst Neytendastofu ósk um að viðkomandi tölvubréf yrði einnig skoðað sem hluti af málgögnum. Í tölvubréfinu kom fram að sérstaklega sé bent á að hluti þeirra góðu umsagna sem fram komi á TripAdvisor vefnum séu umsagnir vegna veittrar þjónustu GÓ ferða en ekki GTI Gateway to Iceland. Sé þetta rannsóknarefni út af fyrir sig. Það sama eigi við um Facebook aðgang GÓ ferða sem líka hafi verið tekinn yfir af GTI Gateway to Iceland. Nú ætli GTI Gateway to Iceland að halda áfram að taka yfir lénið gti.is sem félagið eigi ekki.

Þá sé bent á að ekkert sé rétt í viðauka við erindi GTI Gateway to Iceland, dags. 31. maí 2013. Gestur reki ekki neina bókunarþjónustu eða neitt annað sambærilegt. Hann eigi hins vegar lénið gti.is sem og gti.net, gti.org o.fl. Öllu þessu sé viðhaldið og kostað af Gestu. Lénin hafi verið sett upp af Gestu eða félögum hans fyrir GÓ ferðir. GÓ ferðir hafi ekki greitt fyrir þá þjónustu og það sé ástæðan fyrir því að lénið hafi verið framselt til Gestis. Lénið gti.is hafi verið stofnað af GÓ ferðum og það áður en GTI Gateway to Iceland hafi verið stofnað.

6.

Með bréfum Neytendastofu, dags. 2. október 2013 og 3. október 2013, var GTI Gateway to Iceland sent bréf og tölvubréf Gestis til umsagnar. Neytendastofu bárust athugasemdir GTI með bréfi, dags. 3. október 2013. Þar kemur fram að afstaða GTI sé sú að ekkert nýtt, sem áhrif geti haft á mál þetta og hafi ekki áður verið svarað, hafi komið fram í bréfi Gestis, né hafi ný gögn verið lögð fram af hans hálfu. GTI vísi því til bréfa sinna, dags. 9. apríl 2013 og 29. júlí 2013 og fari fram á að málið verði tekið til ákvörðunar við fyrsta tækifæri.

7.

Með bréfi Neytendastofu til málsaðila, dags. 7. október 2013, var tilkynnt öðru sinni að gagnaoöflun í málinu væri lokið. Bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.

III.

Niðurstaða

1.

Í mál þessu kvartar GTI Gateway to Iceland ehf. yfir notkun og umráðum Gestis Andrésar Grjettarssonar á léninu gti.is. Forveri GTI Gateway to Iceland, GÓ ferðir ehf., hafi stofnað lénið. GÓ ferðir hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta árið 2011 og þrotabúið hafi ekki gert tilkall til lénsins. GTI Gateway to Iceland hafi verið stofnað í lok árs 2010 og hafi við stofnun gert munnlegan samning við Gestu um að hann tæki að sér umsjón tölvukerfa og vefsíðu GTI Gateway to Iceland. Hafi Gestu verið greitt fyrir þá þjónustu frá stofnun GTI Gateway to Iceland. Þjónusta Gestis hafi verið ábótavant og GTI Gateway to Iceland hafi viljað ljúka viðskiptasambandinu en Gestur borið fyrir sig kröfur á hendur GTI Gateway to Iceland auk þess sem hann væri réttihafi lénsins gti.is. Eftir að Gestur hafi tekið við rekstri tölvukerfa GTI



og umsjón með vefsíðu félagsins hafi hann gert heimildarlausar breytingar á skráningu lénsins. ISNIC hafi hafnað beiðni Gests um að gerast svokallaður þjónustuaðili lénsins og talið réttahafbreytingar hans hafa verið gerðar í heimildarleysi. Gestur hafi með ólögmatum hætti eignað sér lénið í heimildarleysi. Á grundvelli meintra krafna hafi Gestur neitað að láta lénið af hendi og lokað á aðgang GTI Gateway to Iceland að vef félagsins og tölvupósti. Háttsemi Gests sé mjög í líkingu við niðurstöður dóma Hæstaréttar nr. 79/2008 og 80/2008 sem fallið hafi gegn honum. Þá telji GTI Gateway to Iceland, Gest hafa látið verða af því að beina viðskiptum félagsins til annarra aðila. Vefsíðan gti.is sé auðkennd með skammstöfuninni GTI og gefi ekki til kynna að hún sé nýtt af öðrum aðila. Með skráningu og notkun á skammstöfuninni GTI hafi félagið öðlast rétt yfir því auðkenni enda enginn annar gert tilkall til þess.

Gestur hafi með þessari háttsemi gerst brotlegur við ákvæði 5. gr., 1. mgr. 8. gr., a., c. og f. liða 1. mgr. 9. gr. og 15. gr. a laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Þá sé einnig vísað til 13. og 14. gr. laganna. Krefst GTI Gateway to Iceland þess að Gestu verði bönnuð notkun lénsins og gert að afskrá það.

Af hálfu Gests er því alfarið hafnað að hann hafi gerst brotlegur við tilgreind ákvæði laga nr. 57/2005 og fer hann fram á frávísun erindisins. Þóknun fyrir vinnu DCC ehf., félags Gests, fyrir GÓ ferðir, hafi Guðmundur, forsvarsmáður GTI Gateway to Iceland, ábyrgst persónulega. Við stofnun GTI Gateway to Iceland hafi Guðmundur gert samning við DCC um að búa til vefsíðu með pöntunarkerfi og fleiru en að greiðslur fyrir verkið yrðu í formi mánaðarlegra þjónustugjalda. Til tryggingar greiðslum hafi Guðmundur afsalað sér, fyrir hönd GÓ ferða, tölvubúnaði, léninu gti.is og fleiri lénnum. DCC hafi hætt rekstri en Kvíaholt ehf. tekið yfir reksturinn og tiltekna kröfur DCC, þ.m.t. kröfur á hendur GÓ ferðum og GTI Gateway to Iceland. Vefþjónn eða hýsing hafi aldrei verið seld eða afhent til GTI Gateway to Iceland og eigi Gestur búnaðinn samkvæmt samningi. Hann sé skráður fyrir léninu og viðhaldi því ásamt því að standa straum af kostnaði vegna þess. Ástæða fyrir lokunum sé sú að GTI Gateway to Iceland hafi einfaldlega ekki greitt fyrir veitta þjónustu. Kvíaholt hafi falið Inkasso að innheimta skuld GTI að andvirði 330.000 kr. og ekkert sé óljóst við þá kröfu. Skráning lénsins hjá ISNIC sé ekki túlkunaratriði þar sem lénið sé skráð á Gest og engir fyrirvarar við eða takmarkanir á rétti Gests til þess að fara með lénið að vild. Um meintan auðkennarétt GTI Gateway to Iceland er þess getið að skráning lénsins hafi átt sér stað fyrir skráningu GTI Gateway to Iceland ehf. og í fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra megi finna eldra félag sem beri heitið GTI ehf. Merki félagsins veiti eitt og sér engan rétt til lénsins gti.is. Tilgangur erindis GTI Gateway to Iceland sé væntanlega sá að ná yfirráðum yfir léninu gti.is og komast þannig hjá því að greiða fyrir þá þjónustu sem félagið hafi keypt.

2.

Mál þetta varðar eignarhald og notkun á léninu gti.is. Telur GTI Gateway to Iceland notkun og eignarhald Gests á léninu brjóta gegn ákvæðum 5. gr. og 15. gr. a laga nr. 57/2005.



Í 5. gr. laganna kemur fram að óréttmætir viðskiptahættir séu bannaðir. Bannið gildi áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í V. kafla er að finna ákvæði sem fjalla um háttsemi milli fyrirtækja. Ákvæði 15. gr. a. er svohljóðandi:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd. Efnislega er 15. gr. a. samhljóða ákvæði eldri laga um almenna vernd auðkenna. Fyrri málsliður 15. gr. a. hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Af lögskýringargögnum sést glögggt að ákvæðið skiptir máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum.

Hvað varðar skráningu á hinu umkvartaða léni má sjá af gögnum málsins og vefsíðu ISNIC að lénið gti.is var skráð hjá ISNIC þann 15. maí 2008 á nafni GÓ ferða ehf. Þann 29. október 2010 var það fært á nafn DCC ehf., félag í eigu Gestis. Því næst var það fært á nafn Gestis persónulega þann 30. ágúst 2011.

Í viðauka GTI Gateway to Iceland, dags. 31. maí 2013, var einnig vísað til ákvæða 1. mgr. 8. gr., a., c., og f. liða 1. mgr. 9. gr., 13. gr. og 14. gr. laga nr. 57/2005.

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005 segir:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er, skv. umfjöllun í greinargerð, ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.



Í 9. gr. er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir séu líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. lið málsgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við. Í erindi GTI Gateway to Iceland var sérstaklega vísað til a., c. og f. liða 1. mgr. en þar segir:

„a. eðli vöru eða þjónustu, t.d. notkun, samsetningu eða árangur sem vænta má af notkun hennar, [...]

c. þjónustu við viðskiptavini, meðferð kvartana, dagsetningu framleiðslu eða aðferð við framleiðslu, [...]

f. réttindi, hæfni eða annað sem varðar aðstæður söluaðila eða fulltrúa hans, stöðu hans á markaði, skyldur, vörumerki og önnur hugverkaréttindi,“

Ákvæði 1. mgr. 13. gr. er svohljóðandi:

„Óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.“

Í 2. mgr. 13. gr. kemur fram að 1. mgr. gildi um aðra viðskiptahætti en þá sem III. kafli tekur til Ákvæðið tekur því aðeins til annarra hagsmuna en fjárhagslegra.

Í V. kafla laga nr. 57/2005 er fjallað um háttsemi milli fyrirtækja. Þar segir í 14. gr.:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar gagnvart keppinautum, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.“

Fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum mega því ekki veita misvísandi, rangar eða villandi upplýsingar gagnvart keppinaut auglýsanda eða stöðu auglýsanda, vöru eða þjónustu hans, gagnvart keppinautum.

3.

Lénið gti.is var skráð þann 15. maí 2008 á nafn rétthafans GÓ ferða ehf. Ljóst er að rétthafa að léninu var breytt þann 29. október 2010 og lénið fært á rétthafann DCC ehf., félags í eigu Gestis og að lokum yfir á Gest sjálfan. Aðilar máls þessa eru ekki að fullu sammála um tildrög þeirra rétthafabreytinga og vísa annars vegar til munnlegs samkomulags Gestis og/eða DCC ehf. og GÓ ferða ehf. og hins vegar til skriflegs samnings milli sömu aðila. Sá samningur,



samningar eða önnur gögn sem varpað gætu ljósi á réttarsamband aðila hafa ekki verið lögð fram í málinu.

Lénið gti.is var skráð af fyrirtæki sem ekki er aðili að málinu. Fyrir stofnun GTI var breytt um rétthafa að léninu og það fært á nafn fyrirtækis sem ekki er heldur aðili að málinu. Tíu mánuðum síðar var enn breytt um rétthafa og færðist skráningin frá fyrri rétthafa DCC ehf., yfir á Gest persónulega. Ljóst er að þegar DCC ehf. varð rétthafi að léninu gti.is, þ.e. þann 29. október 2010, hafði GTI Gateway to Iceland enn ekki verið stofnað. Svo virðist sem DCC ehf. og síðar Gestur persónulega hafi um tíma samkvæmt samningi við GTI Gateway to Iceland ljáð félaginu afnot af léninu en ekki afsalað sér réttinum til lénsins.

Til þess er að líta að notkun Gestis á hinu umdeilda léni virðist takmörkuð og engin gögn hafa verið lögð fram í málinu sem sýna fram á hið gagnstæða. Virðist starfsemi Gestis í tengslum við umrætt lén felast í því að markaðssetja upplýsingatækniþjónustu. Þá er til þess að líta að Gestur og GTI Gateway to Iceland eru ekki keppinautar. Fellst Neytendastofa því ekki á það að notkun Gestis á léninu sé til þess fallin að valda ruglingi á milli aðila. Þá liggja engin gögn fyrir um að Gestur hafi beint viðskiptavinum GTI Gateway to Iceland til keppinauta félagsins. Með vísan til þessa og að DCC ehf. var skráður rétthafi að léninu gti.is við stofnun GTI Gateway to Iceland og síðar Gestur persónulega, verður ekki talið að sú skráning eða notkun Gestis á léninu brjóti gegn betri rétti GTI Gateway to Iceland skv. 15. gr. a., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005.

Eins og fram hefur komið virðist starfsemi Gestis á umræddri vefsíðu takmörkuð. Þegar af þeim sökum verður ekki talið að viðskiptahættir Gestis séu til þess fallnir að raska fjárhagslegri hegðun neytenda eða blekkja neytendur. Þá er að mati Neytendastofu heldur ekki fallist á að brotið sé gegn öðrum hagsmunum neytenda en fjárhagslegum. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að deila aðila sé einkaréttarlegs eðlis og lúti að uppgjöri vegna lögskipta þeirra. Er það ekki hlutverk stofnunarinnar að taka slíkan ágreining til úrlausnar.

Með vísan til ofangreinds verður hvorki talið að Gestur hafi brotið gegn ákvæðum 15. gr. a laga nr. 57/2005, sbr. 5. gr., né 1. mgr. 8. gr., a., c., og f. liða 1. mgr. 9. gr., 1. mgr. 13. gr. og 14. gr. laganna.



IV.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til aðgerða Neytendastofu í máli þessu.“

Neytendastofa, 25. nóvember 2014

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir